

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 43/2014**

043-2014i

**frá 8. apríl 2014**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2013 frá 25. júní 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar upplýsingakröfur vegna leyfa fyrir sæfivörum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2013 frá 2. október 2013 um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 955/2013 frá 4. október 2013 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1032/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja brómédiksýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja fimmvatnað koparsúlfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja álfosfið, sem losar fosfin, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 20 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja bensósýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4 <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1036/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja etófenprox sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja 3-joð-2-própýnÝlbútýlkarbamat (IPBC) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1038/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja tebúkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10 <sup>(10)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 234, 3.9.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 263, 5.10.2013, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 25.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 28.

<sup>(7)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 31.

<sup>(8)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 35.

<sup>(9)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 38.

<sup>(10)</sup> Stjtuð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 40.

- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1039/2013 frá 24. október 2013 um að breyta samþykki fyrir nónansýru sem fyrirliggjandi virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 <sup>(1)</sup>.
- 12) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):  
„– **32013 R 0837**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2013 frá 25. júní 2013 (Stjtið. ESB L 234, 3.9.2013, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):  
„12na. **32013 R 0945**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2013 frá 2. október 2013 um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 23).  
12nb. **32013 R 0955**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 955/2013 frá 4. október 2013 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 (Stjtið. ESB L 263, 5.10.2013, bls. 7).  
12nc. **32013 R 1032**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1032/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja brómedíksýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 22).  
12nd. **32013 R 1033**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja fimmvatnað koparsúlfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 25).  
12ne. **32013 R 1034**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja álfosfið, sem losar fosfin, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 20 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 28).  
12nf. **32013 R 1035**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja bensósýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 31).  
12ng. **32013 R 1036**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1036/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja etófenprox sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 35).  
12nh. **32013 R 1037**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamát (IPBC) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 38).  
12ni. **32013 R 1038**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1038/2013 frá 24. október 2013 um að samþykkja tebúkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 40).  
12nj. **32013 R 1039**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1039/2013 frá 24. október 2013 um að breyta samþykki fyrir nónansýru sem fyrirliggjandi virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 (Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 43).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 837/2013 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 945/2013, (ESB) nr. 955/2013, (ESB) nr. 1032/2013, (ESB) nr. 1033/2013, (ESB) nr. 1034/2013, (ESB) nr. 1035/2013, (ESB) nr. 1036/2013, (ESB) nr. 1037/2013, (ESB) nr. 1038/2013 og (ESB) nr. 1039/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 43.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*), eða gildistökuþing ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2013 frá 13. desember 2013 <sup>(12)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 21.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.